

Föstudaginn 9. júní 1978.

Nr. 1/1978.

**Bandalag háskólamanna  
f.h. Lofts Þorsteinssonar**

(Guðriður Þorsteinsdóttir cand.juris)

gegn

**fjármálaráðherra f.h. rikissjóðs**

(Gunnlaugur Claessen hdl.)

Frávísun. Úrskurðarvald Kjaradóms.

**Dómur.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 9. f.m., hefur Bandalag háskólamanna höfðað fyrir hönd Lofts Þorsteinssonar, Reynihvammi 16, Kópavogi með stefnu útgefni 28. mars s.l.

Stefndi er fjármálaráðherra f.h. rikissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. að dæmt verði, að allur sá tími sem Loftur Þorsteinsson vann hjá Vegagerð ríkisins á tímabilinu 07.06. 1967—31.07. 1972, samtals 26 mánuðir, verði metinn að fullu sem starfsaldur samkvæmt 4. mgr. 17. gr. kjarasamnings BSRB og fjármálaráðherra frá 22.06. 1970 og 9. mgr. 5. gr. Kjaradóms í máli BHM og fjármálaráðherra frá 15.02. 1974.

2. að dæmt verði: a) að lokaverkefni í verkfræði, líkantilraunir og rannsóknir vegna brúargerðar á Skeiðarársandi, unnið á tímabilinu 01.05—30.09. '71, samtals 5 mán. og vinna við hönnun brúa á tímabilinu 01.07 '68—31.07. '72, samtals 11,75 mánuðir verði metin að fullu sem starfsþjálfun samkvæmt 4. gr. 16. gr. kjarasamnings B.S.R.B. og fjármálaráðherra frá 22.06. '70 og starfsreynsla samkvæmt 4. mgr. 5. gr. Kjaradóms í máli BHM og fjármálaráðherra frá 15.02. '74. b) að vinna við jarðvegskannanir og landmælingar unnin á tímabilinu 07.06. '67—25.08. '69, samtals 9,25 mánuðir, verði metin að  $\frac{3}{4}$  sem starfsþjálfun samkvæmt 4. mgr. 16. gr. kjarasamnings BSRB og fjármálaráðherra frá 22.06. '70 og starfsreynsla samkvæmt 4. mgr. 5. gr. Kjaradóms í máli BHM og fjármálaráðherra frá 15.02. '74.

Stefnandi krefst málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati dómsins, en til vara, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda, sem tilgreindar eru undir 1. lið í stefnu og verði málskostnaður þá látinn falla niður.

Af hálfu stefnanda er málavöxtum lýst svo, að Loftur Þorsteinson hafi lokið verkfræðiprófi í septembermánuði 1972. Hann hafi svo verið ráðinn verkfræðingur hjá Vegagerð ríkisins í októbermánuði sama ár og þá fengið greidd lægstu byrjunarlaun verkfræðings. Áður en Loftur lauk verkfræðiprófi hafi hann unnið ýmis verkfræðistörf hjá Vegagerð ríkisins samtals í 26 mánuði, við jarðvegskannanir í 3.875 mánuði, landmælingar í 5.50 mánuði, brúahönnun í 11.75 mánuði og við lokaverkefni í 5 mánuði. Hinn 9. mars 1983 hafi Loftur ásamt nokkrum öðrum verkfræðingum, sem störfuðu hjá Vegagerð ríkisins og svipað var ástatt um, ritað vegamálastjóra bréf og farið fram á, að tekið yrði tillit til starfsaldurs og starfsþjálfunar þeirra við ákvörðun launa. Með bréfi sem ritað var í september 1983 hafi verkfræðingar þessir farið fram á það, að Kjarafélag opinberra starfsmanna í Verkfræðingafélagi Íslands ræki mál fyrir Kjaranefnd, þar sem gerð yrði krafa um viðurkenningu á starfsþjálfun við störf unnin hjá Vegagerð ríkisins fyrir lok verkfræðináms, samkvæmt 16. gr. kjarasamnings ríkissjóðs og starfsmanna ríkisins frá 19. desember 1970. Hinn 3. október 1983 hafi svo Kjarafélag opinberra starfsmanna í Verkfræðingafélagi Íslands ritað Kjaranefnd bréf og farið þess á leit, að hún skæri úr þessum ágreiningi. Að lokinni gagnaöflun hafi Kjaranefnd svo kveðið upp úrskurð sinn 11. mars 1975. Hafi meirihluti nefndarinnar komist að þeirri niðurstöðu, að Kjaranefnd ætti ekki að úrskurða um launaprep og vísað málinu frá nefndinni. Minnihluti nefndarinnar, Stefán Hermannsson, hafi hins vegar talið að kveða ætti upp efnisúrskurð í málinu. Hinn 30. október 1976 hafi Loftur Þorsteinson fengið nokkra leiðréttingu á launum sínum fyrir tímabilið október 1972 til og með desember 1973 og virðist við þá leiðréttingu gert ráð fyrir 7 mánaða starfsaldri fyrir lokapróf í verkfræði.

Fyrri liður kröfugerðar stefnanda er byggður á því, að samkvæmt 5. mgr. 17. gr. kjarasamnings Bandalags starfsmanna ríkis og bæja

og fjármálaráðherra frá 19. desember 1970 hafi svo verið kveðið á, að aldurshækkun fengist eingöngu vegna starfa hjá ríki eða sveitarfélögum, enda væri við það miðað, að starfsmaður hefði búið við launakerfi, sem væri hliðstætt launakerfi ríkisins. Sé augljóst, að tilgangur ákvæðis þessa hafi verið sá, að þeir sem starfað höfðu hjá ríkinu og tekið laun samkvæmt kjarasamningum ýmissa stéttarfélaganna á frjálsum vinnumarkaði, oft mun hærri en laun ríkisstarfsmanna almennt, fengju ekki aldurshækkun vegna þeirrar vinnu, ef þeir hæfu síðan störf hjá ríkinu, sem launuð væru eftir launakerfi þess. Loftur Þorsteinsson hafi hins vegar ekki tekið laun eða notið kjara samkvæmt kjarasamningum stéttarfélaganna á frjálsum vinnumarkaði fyrir vinnu sína hjá Vegagerð ríkisins, áður en hann lauk prófi í verkfræði, heldur hafi laun hans verið ákveðin einhliða af Vegagerð ríkisins og hafi þau síst verið hærri en laun annarra ríkisstarfsmanna. Önnur kjör hafi að flestu leyti verið í samræmi við kjör ríkisstarfsmanna, m.a. hafi dagpeningar verið greiddir í samræmi við reglur um dagpeninga ríkisstarfsmanna. Launin hafi verið greidd sem tímavinna með jafnaðarkaupi, en laun mælingamanna og annarra sumarvinnumanna hafi verið greidd þannig á árunum 1967, 1968 og 1969. Ástæðan fyrir því að ákveðið hafi verið jafnaðarkaup, en ekki tímakaup á grundvelli samninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, hafi sennilega verið sú, að mikið af slíkri vinnu sé unnin úti á landi og þá oft unnin mikil yfirvinna og því sennilega hagkvæmara fyrir Vegagerð ríkisins að greiða jafnaðarkaup en venjulegt tímakaup með yfirvinnuálagi fyrir eftirvinnu. Í þessu sambandi megi líta til þess, að á sama tíma hafi laun stundakennara verið ákveðin einhliða af fjármálaráðuneytinu, en stundakennarar hafi þó ávallt fengið starfsaldur sinn viðurkenndan, ef þeir hafi ráðið sig í fasta stöðu. Árið 1970 hafi svo verið hætt að greiða jafnaðarkaup, en búið til milliflokkur milli 17. og 18. launaflokks í launakerfi ríkisins. Á árinu 1971 hafi launin svo verið hækkuð í 20. launaflokk og greidd eftir honum þar til Loftur var ráðinn verkfræðingur hjá stofnuninni. Hinn 1. janúar 1974 hafi svo fyrsti aðalkjarasamningur Bandalags háskólamanna og ríkissjóðs tekið gildi. Í 9. mgr. 5. gr. samningsins segi svo: „Starfsaldur samkvæmt þessari grein telst sá tími, sem starfsmaður hefur unnið hjá ríkinu og tekið laun samkvæmt launakerfi þess, svo og hjá sveitarfélögum.“ Frá 1. janúar 1974 hafi því ekki skipt máli þegar metinn var

starfsaldur, hvort fyrri störf hjá ríkinu hafi verið greidd samkvæmt launakerfi ríkisins, ef um störf í sömu starfsgrein var að ræða. Þá sé og á það að líta, að við meðferð málsins fyrir Kjaranefnd hafi þess verið krafist, að allur starfstími Lofts hjá Vegagerð ríkisins yrði viðurkenndur sem starfsaldur og hafi því ekki verið mótmælt af hálfu ráðuneytisins. Það hafi þó ekki viljað viðurkenna nema 7 mánaða starfsaldur. — Síðari liður kröfugerðar stefnanda er byggður á því, að samkvæmt 16. gr. kjarasamnings Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og fjármálaráðherra frá 19. desember 1970 skyldu starfsmenn, sem ekki höfðu fullnægjandi starfsþjálfun, taka laun samkvæmt lægri launaflokkum en starfinu var raðað í, þar til fullri starfsþjálfun var náð. Í 4. mgr. 16. gr. hafi m.a. verið svo-fellt ákvæði: „Starfsþjálfun samkvæmt þessari grein er viðurkennd án tillits til hvar sú þjálfun er fengin, en vinnst eingöngu við hliðstæð störf því, sem um ræðir.“ Í 4. mgr. 5. gr. Kjaradóms í máli Bandalags háskólamanna og fjármálaráðherra frá 15. febrúar 1974 sé eftirfarandi ákvæði um starfsreynslu: „Starfsreynsla samkvæmt þessari grein er viðurkennd án tillits til þess, hvar hún er fengin. Hún vinnst við störf, sem eru hliðstæð því starfi, sem um er að ræða.“ Samkvæmt þessum dómi Kjaradóms virðist starfsreynsla vera skilgreind á sama hátt og starfsþjálfun samkvæmt greindum samningi Bandalags starfsmanna ríkis og bæja frá 19. desember 1970. Enginn vafi leiki á því, að störf þau, sem Loftur Þorsteinsson vann hjá Vegagerð ríkisins, séu hliðstæð störfum verkfræðinga hjá stofnuninni. Megi benda á, að stefnandi hafi haldið áfram að vinna að líkantilraunum og rannsóknum vegna brúarsmiði á Skeiðarársandi eftir að hann var ráðinn verkfræðingur hjá stofnuninni. Komi þetta fram í álitserð yfirmanna tækniliðs stofnunarinnar, en þar segi m.a. svo: „Það er mat undirritaðra yfirmanna hjá Vegagerð ríkisins, að störf þau, sem Loftur Þorsteinsson hefur unnið hjá Vr fyrir lok verkfræðináms (26 mánuðir), séu hliðstæð mörgum þáttum verkfræðistarfa og að reynsla sú, er við slík störf fæst, komi verkfræðingi að mjög góðum notum í starfi sínu.“ Þá segi m.a. svo um störf verkfræðinema í bréfi vegamálastjóra til Kjaranefndar: „Er enginn vafi á því, að fyrri störf þeirra hjá Vegagerðinni í sumarleyfum gera þá að mun verðmætari starfsmönnum en þá, sem aldrei hafa við slík stört tengist.“ Í þessu sambandi megi einnig benda á, að er Loftur hóf störf hjá Vegagerð ríkisins hafi hann

lokið tveggja ára námi í verkfræði auk háskólaprófs í landmælingum. Í 16. gr. kjarasamnings Bandalags starfsmanna ríkis og bæja frá 19. desember 1970 og 5. gr. Kjaradóms í máli Bandalags háskólamanna frá 15. febrúar 1974 komi ekkert fram um það, að einungis skuli viðurkennd starfsþjálfun, sem fengin sé eftir loka-próf, heldur segi aðeins að starfsþjálfun vinnist við hliðstæð störf og sé viðurkennd án tillits til hvar hún sé fengin. Við mat á starfsþjálfun og starfsreynslu Lofts Þorsteinssonar verði að telja störf við brúarhönnun og lokaverkefni algerlega hliðstæð störfum verkfræðinga hjá Vegagerð ríkisins og því beri að viðurkenna þau að fullu. Hins vegar megi segja að störf við jarðvegskannanir og landmælingar séu ekki að öllu leyti hliðstæð störfum verkfræðinga og því sé gerð krafa um að sú vinna verði metin að  $\frac{3}{4}$  hlutum sem starfsþjálfun og starfsreynsla samkvæmt áðurgreindum kjarasamningi Bandalags starfsmanna ríkis og bæja frá 19. desember 1974 og Kjaradómi í máli Bandalags háskólamanna frá 15. febrúar 1974.

Varðandi kröfu stefnanda um viðurkenningu á starfsaldri er því haldið fram af hálfu stefnda, að laun þau sem Loftur Þorsteinsson fékk greidd fyrir vinnu sína hjá Vegagerð ríkisins, áður en hann lauk prófi í verkfræði, hafi verið laun samkvæmt kjarasamningum Verkamannafélagsins Dagsbrúnar með ákveðnu álagi. Hafi þetta gilt árin 1967 til og með 1970. Sé augljóst af því, að Loftur hafi ekki búið við launakerfi, sem hafi verið hliðstætt launakerfi ríkisins í þeim skilningi, sem fram komi í kjarasamningi Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og fjármálaráðherra frá 19. desember 1970. Á árunum 1971 og 1972 hafi Loftur hins vegar tekið laun samkvæmt launakerfi opinberra starfsmanna og hafi sá tími verið viðurkenndur til aldurshækkunar af stefnda. Niðurstaðan verði sú sama varðandi skýringar stefnanda á kjarasamningi Bandalags háskólamanna og fjármálaráðherra frá 15. febrúar 1974 um starfsaldur. Skilyrði 9. mgr. 5 gr. samningsins sé það, að um störf í sömu starfsgrein sé að ræða. Verði með engu móti fallist á, að því skilyrði sé fullnægt að því er varðar starf Lofts Þorsteinssonar á námsárum hans. Við gerð þess samnings hafi verið fellt niður ákvæðið um að starfsmaður verði að hafa tekið laun samkvæmt launakerfi ríkisins og hafi það ekki verið síst af þeirri ástæðu, að með því hafi átt að koma til móts við kröfur verkfræðinga, sem unnið höfðu hjá ríki og sveitarfélögum á grundvelli kjarasamnings Stéttarfélags verk-

fræðinga, en ekki launakerfi ríkisins. Hins vegar hafi það ekki verið ætlunin að koma til móts við kröfur um viðurkenningu á störfum meðan á námstíma stendur. — Varðandi síðari lið kröfugerðar stefnanda er því haldið fram af hálfu stefnda, að það hafi aldrei verið viðurkennt af hans hálfu að starfsþjálfun geti áunnist fyrir störf, sem unnin séu áður en lokapróf er tekið. Slik viðurkenning hafi aldrei komið til álita, og reyndar hafi ekki komið fram verulegar kröfur í þá átt af hálfu viðsemjenda ráðuneytisins. Hafi einu gilt um hvaða nám hafi verið að ræða, svo sem kennarapróf, hjúkrunarpróf, verkfræðipróf eða eitthvað annað. Þeirri stefnu hafi ætíð verið fylgt, að til þess að starf geti talist sambærilegt í merkingu kjarasamnings Bandalags starfsmanna ríkis og bæja við fjármálaráðherra frá 1970 og kjarasamnings Bandalags háskólamanna og fjármálaráðherra frá 1974, þar sem talað sé um „störf, sem eru hliðstæð því starfi, sem um er að ræða“, hafi hlutaðeigandi orðið að hafa öll starfsréttindi. Það sé þannig hin formlega hæfni, sem krafist er að sé fyrir hendi, svo að starf geti talist hliðstætt. Hafi hið sama gilt um verkfræðinga að þesu leyti og um alla aðra starfsmannahópa innan heildarsamtaka Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Bandalags háskólamanna. — Þá er í greinargerð stefnda vikið að nokkrum atriðum, er varða málátilbúnað stefnanda. Ekki komi skýrt fram í kröfugerð stefnanda á hvaða tímabili hinn umdeildi starfsaldur og starfsþjálfun skuli koma sóknaraðila til góða. Þá sé ljóst, að Bandalag háskólamanna geti ekki verið aðili að málinu. Kröfugerð stefnanda byggist fyrst og fremst á kjarasamningi Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og fjármálaráðherra frá 19. desember 1970. Málið byggist þannig á túlkun kjarasamnings, sem allt önnur samtök launþega hafi gert, en samningur Bandalags háskólamanna við fjármálaráðherra hafi verið gerður 15. febrúar 1974 og nái ekki yfir það tímabil, sem hér um ræðir. Þá hafi mál þetta legið óhreyft af hálfu sóknaraðila í þrjú ár, eða allt frá því að úrskurður Kjaranefndar gekk í málinu í marsmánuði 1975. Hafi sóknaraðili því sýnt verulegt tómlæti og beri raunar þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda. Verði í því sambandi að líta á það, að áfelliisdómur í málinu hafi mikið fordæmisgildi, enda sé ekki um afmarkað tilvik að ræða, þar sem það sé nánast almenn regla, að menn vinni meira og minna í skyldum störfum, meðan á námi stendur. Afleiðingin yrði því nánast sú, að flest allir vinnusamningar

starfsmanna ríkisins og sveitarfélaga yrðu opnaðir til endurskoðunar langt aftur í tímann. Með þessa gífurlegu þýðingu málsins í huga verði tómlæti stefnanda um framgang á svo mikilverðum réttindum alls þorra umbjóðenda hans að skýrast svo, að sú túlkun kjarasamninganna, sem nú er haldið fram af hálfu stefnanda að eigi að beita, sé ný til komin. Þá sé á það að lita, að fyrir liggi úrskurður Kjaranefndar í málinu nr. 397/1971, þar sem fjallað hafi verið um sambærilegan ágreining og þann, sem til úrlausnar er í þessu máli. Hafi Kjaranefnd komist að þeirri niðurstöðu í þeim úrskurði, að starfsþjálfun gæti ekki hafist fyrir en starfsmaður hefði þá menntun, sem tilskilin væri. Liggi þannig fyrir óyggjandi forðæmi um viðurkenningu á þeim sjónarmiðum, sem hér sé haldið fram af hálfu stefnda.

#### *Álit dómsins.*

Svo sem áður er fram komið, var ágreiningur um það, hvort tekið skyldi tillit til starfa Lofts Þorsteinssonar hjá Vegagerð ríkisins áður en hann lauk prófi í verkfræði, við ákvörðun um laun hans, er hann var ráðinn verkfræðingur hjá stofnuninni að prófi loknu. Var málið lagt fyrir Kjaranefnd. Kvað nefndin upp úrskurð sinn 11. mars 1975 og varð niðurstaða meirihluta nefndarinnar sú, að vísa bæri málinu frá nefndinni. Um rökstuðning fyrir þessari niðurstöðu segir svo í úrskurðinum:

„Í lögum nr. 46/1973 um kjarasamninga opinberra starfsmanna er skýrt afmarkað í 25. gr. hvaða ágreiningsmál samningsaðila kjarasamnings það séu, sem Kjaranefnd sker til fullnaðar úr um og er þar fyrst að nefna: *Skipan einstakra manna í launaflokka kjarasamnings.*

Í 5. gr. sömu laga segir að í aðalkjarasamningi *skuli* kveðið á um fjölda launaflokka og meginreglur til viðmiðunar um skipan í launaflokka.

Í máli því, sem hér er til úrlausnar, er engin deila um það milli málsaðilja, í hvaða launaflokk beri að skipa Lofti Þorsteinssyni. Kröfur beggja málsaðilja og málskotið til Kjaranefndar byggist á 5. gr. Kjaradóms í máli BHM og fjármálaráðherra frá 15. febrúar 1974, þar sem fjallað er um ákvörðun launaþrepa, en þar segir í 5. gr. tl.1. „Ágreiningsefni samkvæmt þessari grein skulu lögð fyrir Kjaranefnd.“

Það er skoðun meirihluta Kjaranefndar að Kjaradómur hafi með

Þessu ákvæði ætlað Kjaranefnd verkefni, sem meirihlutinn telur að löggjafinn hafi ekki ætlast til að nefndin fjallaði um, þ.e. skipan einstakra starfsmanna í svonefnd launaþrep innan launaflokks, þar sem meta skal, hversu fljótt hlutaðeigandi ber að fá fyllstu starfs-laun samkvæmt hinum tilgreinda launaflokki, með hliðsjón af starfsþjálfun o.fl. Þegar lög nr. 55/1962 um kjarasamninga opinberra starfsmanna hófu gildi sitt var fyrirbrigðið launaþrep innan launaflokka óþekkt. Við endurnýjun laganna á árinu 1973 hefði verið eðlilegast að skýrt kæmi fram, ef löggjafinn ætlaðist til þess, að svonefnd launaþrep ætti að einhverju leyti að skiljast sem launaflokkur í 25. gr. laganna. Eftir því sem næst verður komist mun það aldrei hafa komið til umræðu í nefnd þeirri, er samdi frumvarp til síðari laganna, að þessi breyting ætti að eiga sér stað.“

Í 24. gr. laga nr. 55/1962 var kveðið á um, að Kjaranefnd, sem skipuð var samkvæmt 23. gr. laganna, skyldi m.a. skera til fullnaðar úr ágreiningi um skipun einstakra manna í launaflokk kjarasamninga. Um þetta voru óbreytt ákvæði í 25. gr. laga nr. 46/1973, sbr. lög nr. 35/1976, en með ákvæðum 10. gr. laga nr. 23/1977 var sú breyting gerð, að Kjaradómi var falið að taka við þessu úrskurðarvaldi Kjaranefndar.

Líta verður svo á, að samkvæmt greindum ákvæðum laga nr. 55/1962, lög nr. 46/1973, sbr. lög nr. 35/1976 hafi Kjaranefnd borið að skera til fullnaðar úr, í hvaða launaflokk starfsmanni skyldi skipað. Þessi ákvæði verður að túlka svo, að þau nái einnig til launaþrepa innan launaflokka, enda í reynd enginn munur á. Kjaranefnd, sem nú hefur verið lögð niður, vísaði málinu frá eins og fyrr greinir. Samkvæmt 10. gr. l. nr. 23/1977 hefur Kjaradómi verið fengið úrskurðarvald hennar um skipun í launaflokka en dómurinn hefur ekki lagt úrskurð á ágreiningsefni það, sem hér er til úrlausnar. Með skírskotun til þess, sem áður greinir, verður að telja, að úrskurðarvald Kjaradóms nái einnig til launaþrepa og ber því að vísa máli þessu sjálfkrafa frá Félagsdómi þótt báðir aðiljar hafi óskað efnisdóms í málinu.

Málskostnaður fellur niður.

Dóm þennan kváðu upp: Guðmundur Jónsson, Bjarni Kristinn Bjarnason, Sigurður Líndal, Hrafn Bragason og Guðmundur V. Jósefsson.



## D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Félagsdómi.

Málskostnaður fellur niður.

---

Fimmtudaginn 4. janúar 1979.

Nr. 2/1978. **Félag Loftleiðaflugmanna**  
 (Hjörtur Torfason hrl.)  
 gegn  
**Vinnuveitendasambandi Íslands**  
**f.h. Loftleiða h/f og Flugleiða h/f**  
 (Einar Árnason hdl.)

Kaupgjaldsákvæði kjarasamnings.

**Dómur.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, er höfðað með stefnu útgefni 17. ágúst 1978.

Stefnandi er Félag Loftleiðaflugmanna hér í borg.

Stefndi er Vinnuveitendasamband Íslands f.h. Loftleiða h/f og Flugleiða h/f, hér í borg.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

Að viðurkennt verði, „að laun flugmanna, sem starfa hjá Loftleiðum h/f, fyrir þann starfstíma á tímabilinu frá og með 1. marz 1978 til og með 31. maí 1978, sem launin eru byggð á samningi flugmanna og Loftleiða h/f frá 28. apríl 1976, skulu reiknuð og greidd með hlutfallslegri hækkun framfærsluvísitölu frá 1. nóvember 1977 til 1. febrúar 1978, eftir þeim reglum, sem annars greinir í nefndum samningi“. Ennfremur er það krafa stefnanda, að Loftleiðum h/f og Flugleiðum h/f verði gert að greiða kostnað af málinu fyrir Félagsdómi.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Hinn 21. maí 1974 gerðu Félag íslenzkra atvinnuflugmanna